



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/696*  
*komudagur 3.1.2007*

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Selma Hafliðadóttur, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 29. desember 2006.

Efni: Frumvarp til laga um brotfall laga nr. 134/1993 um iðnaðarmálagjald (16. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að leggja niður iðnaðarmálagjald.*

Samtök iðnaðarins njóta mikillar sérstöðu í samanburði við önnur samtök fyrirtækja í landinu þar sem ríkið leggur iðnaðarmálagjald á öll fyrirtæki sem starfa í iðnaði, innheimtir þau og veitir þeim síðan til samtakanna. Því má segja að um nokkurs konar skylduaðild að samtökunum sé að ræða auk þess sem ríkið annast innheimtu félagsgjaldanna. Engin önnur samtök héraendis njóta slíkra forrættinda.

#### **Skylduaðild?**

Með gjaldinu er öllum fyrirtækjum sem starfa í iðnaði skylt að greiða til Samtaka iðnaðarins, hvort sem þau eru aðilar að samtökunum eða ekki. Samtökin hafa ekki viljað meina að um skylduaðild sé að ræða. Þau viðurkenna það samt óbeint í 1. mgr. 14. gr. laga samtakanna með því að líta á gjaldið sem hluta af félagsgjöldum þeirra sem greiða það. Í 74. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að engan megi skylda til aðildar að félögum. Fyrirkomulag sem þetta stenst ekki þau markmið sem félagsafreisisákvæði stjórnarskrárinnar stefnir að.

#### **Jafnræði**

Önnur samtök fyrirtækja í landinu verða að reiða sig á frjálsa félagsaðild og verða að sætta sig við að innheimta félagsgjöld frá þeim sem kjósa að greiða þau, eins og eðlilegt er. Þessi forrættindi skapa mjög ójafna stöðu og erfiða rekstur annarra samtaka fyrirtæka og girða fyrir að iðnfyrirtæki geti stofnað með sér önnur samtök, t.d. ef þau eru ósammála stefnu Samtaka iðnaðarins.

Iðnaðarmálagjald er óréttlát tímaskekkja sem löngu er tímabært að afnema. Í stefnu Samtaka iðnaðarins segir að meginhlutverk þeirra sé m.a. að þjóna íslenskum iðnaði og gæta hagsmuna hans. Ef samtökin bera hag iðnfyrirtækja sannanlega fyrir brjóstum ættu þau að hafa forgöngu um að þau þurfi ekki að sæta óeðlilegri gjaldtöku eins og þessari.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði að lögum.**

Virðingarfyllst  
  
 Davíð Þorláksson  
 Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE